

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Norðurlands eystra mánudaginn 6. nóvember 2006 í máli**

**nr. E-72/2006:**

**Bókhald og ráðgjöf Auditor ehf.**

*(Þorsteinn Hjaltason hdl.)*

**gegn**

**Premma sf.**

**Kristínu Sigvaldadóttur**

**Ingibjörgu Ýr Pálmadóttur og**

**Helga Indriðasyni**

*(Garðar Guðmundur Gíslason hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. október sl., hefur Bókhald og ráðgjöf ehf., kt. 000000-0000, Laufásgötu 9, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi á hendur Premma sf., kt. 000000-0000, Hafnarbraut 5, Dalvík, Kristínu Sigvaldadóttur, kt. 000000-0000, Hrísalundi 12 a, Akureyri, Ingibjörgu Ýr Pálmadóttur, kt. 000000-0000, Barmahlíð 32, Reykjavík og Helga Indriðasyni, kt. 000000-0000, Hringtúni 1, Dalvík, með stefnu birtri stefndu 18., 19. og 20. janúar 2006.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmd persónulega og vegna sameignarfélags þeirra Premma sf., kt. 000000-0000, in solidum, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 232.900,- ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 232.900,- frá 29.09.2003 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins. Til vara er þess krafist að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda að svo stöddu og tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins en til þrautavara að stefnukröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

## I.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á reikningi að fjárhæð kr. 232.900,-, útgefnum 29. september 2003 með gjalddaga sama dag, vegna vinnu stefnanda í þágu stefnda Premma sf. Dagbjartur Halldórsson, fyrirsvarsmáður stefnanda, hafi séð um færslu bókhalds stefnda Premma sf. vegna árána 1999, 2000, 2001 og 2002. Hann og stefndi Helgi Indriðason, fyrirsvarsmáður stefnda, hafi þekkt í um 15 ár og Dagbjartur hafi sett upp rekstrarreikning stefnda Premma sf. og gert skattframtal lögaðila vegna árána 1994-1998. Þá hafi hann þó aðeins fært þetta eftir tölum sem stefndi Helgi hafi komið með á lausum blöðum og strimlum. Hann hafi ekki annast bókhald stefnda Premma sf. eða endurskoðun heldur aðeins annast uppsetninguna. Stefnandi kveðst ekki kannast ekki við ágreining um færslu bókhalds fyrir árin 1994-1998, enda hafi hann þá ekki fært bókhaldið. Þetta fái stoð í framlögðum úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar þar sem fram komi að bókhald hafi ekki verið fært þessi ár. Eftir að mál stefnda Premma sf. var tekið til skoðunar hjá skattayfirvöldum hafi stefndi Helgi hins vegar óskað eftir því að Dagbjartur færði bókhald félagsins og það hafi hann gert vegna árána 1999-2002 auk þess að annast gerð skattskýrslu. Stefnandi beri að greiða stefnanda fyrir þá vinnu. Kveður stefnandi stefnda ekki draga í efa að vinnan hafi verið unnin fyrir hann heldur gefi í skyn að vinnunni hafi verið eitthvað áfátt og nefni í því sambandi að skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra hafi hafnað því að leggja skattframtal 2002 til grundvallar. Kveður stefnandi það alkunna að á meðan verið sé að vinna í eldri framtölum séu ný framtöl ekki lögð til grundvallar. Ef stefndu töldu vinnu stefnanda gallaða hefði þeim verið rétt að dómkveðja matsmenn til að meta hana. Það hafi stefndu ekki gert en sönnunarbyrðin hvíli þó á þeim. Er því sérstaklega mótmælt að Dagbjartur hafi veitt ráðgjöf um hvernig haga skyldi viðskiptum varðandi hús stefnda Helga.

Stefnandi kveðst hafa stillt umræddum reikningi í hóf og honum hafi hvorki verið mótmælt tölulega, né upphafstíma dráttarvaxta. Hann hafi þó ekki fengist greiddur og því hafi stefnandi verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hans.

Stefnandi mótmælir kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts, stefndi hafi tekið athugasemdalest við vinnu stefnanda enda vísi stefndi Helgi til þess að hann hafi samið við Dagbjart óháð því fyrir hvern Dagbjartur var að vinna. Ekki sé um aðilaskipti að ræða, verkið hafi verið unnið af stefnanda, reikningur gefinn út af stefnanda og málið höfðað af stefnanda.

Varðandi varakröfu um skuldajöfnuð vegna skaðabótakröfu stefnda á hendur stefnanda kveður stefnandi stefnda þurfa að sýna fram á að öll skilyrði skaðabóta séu uppfyllt. Framsetning kröfunnar í greinargerð sé mjög óljós og hún svo vanreifðuð að vísa beri henni frá dómi, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Þá

vísar stefnandi til þess að bókhald hafi ekki verið fært fyrir árin 1995-1998 og það komi augljóslega fram í úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar. Ekkert hafi verið lagt fram í máli þessu til stuðnings því að stefnandi hafi fært bókhald stefnda á þeim tíma.

Varðandi framlagðan málskostnaðarreikning lögmanns stefnanda kveður hann mikinn tíma hafa farið í málið þar sem langan tíma hafi tekið að lesa þá miklu úrskurði sem lagðir voru fram í málinu af hálfu stefndu.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga sem fái m.a. lagastoð í 45. gr. og 47. gr. laga nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, kveðst stefnandi byggja á reglum III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum en kröfu um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndu rekja málsatvik svo að allt frá árinu 1992 hafi stefndi Premmi sf. rekið tannlæknaþjónustu á Dalvík. Frá sama tíma og allt til ársins 2003 hafi stefndi Premmi sf. falið Dagbjarti Halldórssyni, kt. 000000-0000, sem sé viðskiptafræðingur að mennt, að annast færslu bókhalds, árleg uppgjör og gerð skattskilagagna fyrir félagið. Fyrir þeirri þjónustu hafi nefndur Dagbjartur gert stefnda Premma sf. reikninga í nafni lögaðila sem hann starfrækti vegna þjónustu sinnar á umræddu sviði; Fides hf., kt. 000000-0000 og Henry Schein Fides hf., kt. 000000-0000. Sá háttur hafi verið á viðskiptum aðila, átölulaus á milli fyrirsvarsmanna stefnda Premma sf. og Dagbjartar.

Á árinu 2000 hafi eftirlitsstofa ríkisskattstjóra tekið til ítarlegrar skoðunar bókhald, uppgjör og skattskilagögn Premma sf. fyrir rekstrarárin 1994, 1995, 1996, 1997 og 1998, sem ádurgreindur Dagbjartur hafði annast. Aðgerðum ríkisskattstjóra hafi lokið með úrskurðum embættisins, uppkveðnum 28. desember 2000 og 20. desember 2001. Niðurstöður hafi verið þær að bókhaldi, uppgjöri og skattskilum Premma sf. væri stórkostlega áfátt, m.a. þannig að ekki væri unnt að finna út á hvaða fylgiskjölum rekstrar- og efnahagsliðir væru grundvallaðir, færslur í bókhaldi væru ekki rekjanlegar til frumgagna, sami kostnaður væri tvífærður til gjalda, gjaldfærður hefði verið ófrádráttarbær kostnaður, kostnaðarfærslur væru án fullnægjandi fylgiskjala og mismunur væri á milli bókhalds og ársreikninga. Jafnvel reikningar vegna bókhaldsþjónustunnar sjálfrar, Henry Schein Fides hf., hafi verið ranglega færðir í bókhaldi stefnda Premma sf. Ríkisskattstjóri hafi af þessum sökum fellt niður gjaldfærðan kostnað svo umtalsverðum fjárhæðum hafi numið. Þá hafi ríkisskattstjóri jafnframt fellt niður eignafærslu húsnæðis og gjaldfærðan kostnað vegna þess húsnæðis sem nefndur Dagbjartur hafði veitt ráðgjöf um að færður skyldi í bókum og skattskilum stefnda Premma sf. Ríkisskattstjóri hafi beitt 25% vanefndaálagi á vantalda skattstofna Premma sf. sem hann leiddi af framangreindum breytingum.

Stefndi Premmi sf. hafi kært úrskurði ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar, sem hafi í megindráttum staðfest þá annmarka sem ríkisskattstjóri taldi á bókhaldi, uppgjörum og skattskilagögnum Premma sf., en ómerkt að nokkru skattbreytingar ríkisskattstjóra vegna annmarka á málsmeðferð.

Verulegar fjárkröfur hafi fallið á Premma sf. vegna framangreindra mála, hvort tveggja vegna hækkunar skatta, m.a. vegna álagsbeitingar, og ýmiss kostnaðar vegna málarekstursins, einkum lögmannskostnaðar.

Ágreiningur hafi risið milli fyrirvarsmanns stefnda Premma sf. og Dagbjartar Halldórssonar í kjölfar framangreinds málarekstrar hjá skattayfirvöldum, enda hafi fyrirvarsmáður Premma sf. talið að þær kröfur sem féllu á félagið vegna skattgreiðslna af 25% álagi sem beitt var á vantalda skattstofna og kostnaðar við málareksturinn yrðu raktar til rangrar ráðgjafar Dagbjarts og slælegra vinnubragða hans við færslu bókhalds, uppgjör og gerð skattskilagagna fyrir stefnda Premma sf. Ekki hefði komið til slíkrar málsmeðferðar ef Dagbjartur hefði framkvæmt starfa sinn með þeim hætti sem góðum og gegnum fagmanni á því sviði sem hann seldi þjónustu sína, bar að gera. Hann hafi tekið að sér gerð ársreiknings og hafi borið að gera það sem góður og gegn endurskoðandi.

Í kjölfar framangreindra úrskurða yfirskattanefndar hafi stefndi Premmi sf. hætt viðskiptum við Dagbjart Halldórsson. Premma sf. hafi hins vegar borist reikningur sá sem mál þetta er risið af, vegna vinnu Dagbjarts við færslu bókhalds, uppgjör og gerð skattskilagagna Premma sf. fyrir árið 2002, útgefinn í nafni Bókhalds og ráðgjafar ehf., sem stefndi Premmi sf. kannast ekki við að hafa verið í samningssambandi við.

Stefnda Premma sf. hafi nýverið borist bréf frá skattstjóranum í Norðurlandsumdæmi eystra, dags. 2. mars 2006, þar sem tilkynnt sé að hann hyggist ekki leggja skattframtal stefnda Premma sf. 2002 til grundvallar álagningar opinberra gjalda, m.a. vegna annmarka á fyrri skattframtölum. Enn sé því ekki ljóst um tjón stefnda Premma sf. vegna vinnubragða Dagbjarts Halldórssonar og/eða aðila á hans vegum.

Öllum kröfum og málsástæðum stefnanda sé því mótmælt af hálfu stefndu.

Stefndu kveðast byggja aðalkröfu sína um sýknu á því að Premmi sf. hafi aldrei falið stefnanda í máli þessu, Bókhaldi og ráðgjöf ehf., að annast um færslu bókhalds Premma sf., uppgjör þess eða gerð skattskilagagna fyrir félagið. Beri því að sýkna stefndu sökum aðildarskorts stefnanda að máli þessu.

Verði ekki á þá málsástæðu fallist byggja stefndu sýknukröfu sína á því að Premmi sf. eigi gagnkröfu á hendur stefnanda til fulls skuldajafnaðar á móti kröfu hans, sem leiða eigi til sýknu stefndu af kröfum stefnanda. Gagnkrafa stefndu sé í formi skaðabótakröfu og sundurliðist sem hér greinir:

Skattur af 25% álagi skv. úrskurði yfirskattanefndar nr. 394/2003, bls. 67-70:

Álag gjaldaárið 1996 nam kr. 298.147,-, 41% skattur af þeirri fjárhæð = 122.240,-

Álag gjaldaárið 1997 nam kr. 350.426,-, 41% skattur af þeirri fjárhæð = 143.674,-

Álag gjaldaárið 1998 nam kr. 360.118,-, 41% skattur af þeirri fjárhæð = 147.648,-

Álag gjaldaárið 1999 nam kr. 190.540,-, 41% skattur af þeirri fjárhæð = 72.045,-

Kostnaður v/ lögmannaðstoðar við meðferð hjá skattayfirvöldum = 339.108,-

Úrskurðaður málskostnaður hjá yfirskattanefnd  
-80.000,-

Samtals:

745.075,-

Kveðst stefnda Premmi sf. byggja skaðabótakröfu sína á því að Dagbjartur Halldórsson, sem óumdeilt hafi innt af hendi og/eða a.m.k. borið ábyrgð á allri þeirri þjónustu sem innt var af hendi við færslu bókhalds, uppgjör og gerð skattskilagagna fyrir stefnda Premma sf. vegna árána 1994-2002, hafi bakað stefnda Premma sf. tjón með saknæmum og ólögmetum hætti. Það hafi hann gert með því að veita ráðgjöf, færa bókhald, annast uppgjör og gerð skattskilagagna í andstöðu við ákvæði laga sem um það giltu. Stefndi Premmi sf. eigi ótvírætt kröfu til greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, sem ekki hefði orðið, hefði þjónustan verið innt af hendi með þeim hætti sem góður og gegn þjónustuaðili á þessu sviði hefði gert. Skaðabótakrafan samanstandi af tekjuskatti sem stefndi Premmi sf. þurfti að greiða af 25% álagi sem hann var beittur vegna vanframtalinna skattstofna og lögmanskostnaði vegna meðferðar málanna fyrir skattayfirvöldum, að frádregnum málskostnaði sem stefnda Premma sf. var úrskurðaður til greiðslu vegna þess hluta skattamála sem féllu honum í vil.

Í þessu sambandi eigi ekki að skipta máli hvaða lögaðila nefndur Dagbjartur hafi valið til að reikningsfæra þjónustu sína á hendur Premma sf., enda sé Dagbjartur fyrirsvarsmaður þeirra allra og augljóslega í lófa lagið að haga málum vegna útgáfu reikninga með þeim hætti sem hann helst kjósi. Í þessu máli hafi enn einum lögaðilanum verið bætt í safnið, að því er virðist til að komast hjá því að gagnkrafa verði höfð uppi vegna kröfu stefnda Premma sf. Eigi stefndu ekki að gjalda fyrir þá tilhögun í reikningaútgáfu vegna rekstrar þeirrar þjónustu sem Dagbjartur hafði með höndum og ekki leiða til þess að stefndi Premmi sf. fái ekki komið að gagnkröfu sinni til skuldajafnaðar í málinu á móti hinni ósanngjörnu kröfu sem stefna málsins varðar.

Varakröfu um sýknu að svo stöddu styðja stefndu þeim rökum að ekki liggi fyrir að gæði þeirrar þjónustu sem stefnandi krefji um greiðslu vegna séu fullnægjandi, enda sé skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra að taka upp þráðinn í skattamálum Premma sf. þar sem hinum eldri málum sleppti. Þar til úr því verði skorið af hálfu skattyfirvalda verði stefndu ekki dæmd greiðsluskyld vegna þjónustunnar.

Verði fallist á aðal- eða varakröfu stefndu um sýknu af kröfum stefnanda, að fullu eða að svo stöddu, gera stefndu þær kröfur að þeim verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, en stefndu séu ekki í virðisaukaskattskyldri starfsemi.

Um rökstuðning fyrir þrautavarakröfu vísa stefndu til þess að horfa beri til allra þeirra óþæginda og kostnaðar sem stefndu hafi orðið fyrir vegna vinnubragða sem Dagbjartur Halldórsson beri ábyrgð á, hvort sem sú þjónusta hans og/eða starfsmanna hans hafi verið reikningsfærð í nafni stefnanda eða annarra lögaðila þar sem Dagbjartur var í fyrirsvari.

Um heimild til skuldajöfnunar gagnkröfu á móti stefnukröfu byggja stefndu á 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Skaðabótakröfu styðja þau við almennar reglur skaðabótaréttar um ábyrgð manna á tjóni sem þeir valda með saknæmum og ólögumætum hætti og reglum um ábyrgð vinnuveitanda á starfsmönnum sínum. Ennfremur á reglum skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð. Kröfu um sýknu að svo stöddu byggja stefndu á 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um málskostnaðarkröfu vísast til 129.-131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## II.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi Helgi Indriðason aðilaskýrslu en fleiri komu ekki fyrir dóminn.

Í málinu liggur fyrir reikningur útgefinn af stefnanda þann 29. september 2003, að fjárhæð kr. 232.900,- sem er stefnufjárhæðin, vegna bókhaldsvinnu. Á fylgiskjali sem vísað er til á reikningnum kemur fram að á árinu 2002 hafi Dagbjartur, auk tveggja annarra starfsmanna stefnanda, unnið við skattframtal og ársreikning, umsjón með færslu bókhalds, færslu og vinnslu bókhalds og annað, þ.e. frágang skjala og fleira, fyrir stefnda Premma sf. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefndu að þessi vinna hafi verið innt af hendi og engar athugasemdir gerðar við fjölda unninna stunda eða tímagjald.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu vegna aðildarskorts og því haldið fram að ekki hafi verið samið við Bókhald og ráðgjöf ehf. um þessa vinnu. Hafa stefndu ekki framvísað gögnum sem benda til þess að samið hafi verið við annan aðila en stefnanda um verkið og verður af framburði stefnda Helga ráðið að leitað hafi verið til Dagbjarts Halldórssonar án tillits til þess í nafni hvaða lögaðila vinnan væri unnin. Er því ekkert fram komið um að verkið hafi ekki verið unnið á vegum stefnanda, sem gaf út þann reikning sem málið er risið af. Er því hafnað kröfu stefndu um sýknu vegna aðildarskorts.

Til vara krefjast stefndu sýknu af öllum kröfum stefnanda á þeim forsendum að stefndi Premmi sf. eigi gagnkröfu á hendur stefnanda til skuldajafnaðar. Um sé að ræða kröfu um skaðabætur vegna tjóns sem Dagbjartur Halldórsson hafi valdið stefnda Premma sf. með saknæmum og ólögumætum hætti. Til stuðnings þeirri kröfu hafa stefndu lagt fram úrskurði ríkisskattstjóra og yfirs kattanevndar þar sem

fundio var að bókhaldi stefnda Premma sf. Voru gjaldstofnar til tekjuskatts vegna áráanna 1995-1998 hækkaðir og 25% álag lagt á. Byggir skaðabótakrafan á því að Dagbjartur Halldórsson hafi annast bókhald stefnda Premma sf. á þessu tímabili og beri að bæta það tjón sem hann olli stefnda Premma sf. með ófullnægjandi vinnu sinni. Umfang tjónsins sé fjárhæð þess skatts sem stefnda Premma sf. var gert að greiða af álagi samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar vegna áðurgreinds tímabils. Við fyrirtöku málsins þann 6. apríl sl. lét lögmaður stefnanda bóka mótmæli við þeim ummælum í greinargerð stefndu, að stefnandi hafi annast færslu bókhalds fyrir stefnda Premma sf. vegna áráanna 1994-2002, hann hefði aðeins annast færslu bókhaldsins vegna áráanna 1999-2002. Við fyrirtöku málsins þann 27. apríl var bókað af hálfu stefndu að í tilefni af bókun lögmanns stefnanda ynnu stefndu að öflun gagna um greiðslu til stefnanda og tengdra aðila vegna þjónustu í þágu stefnda Premma sf. Við fyrirtöku málsins þann 11. maí 2006 lögðu stefndu fram endurákvörðun ríkisskattstjóra, dags. 19. ágúst 2001, áskorun ríkisskattstjóra vegna skattrannsóknar, dags. 6. apríl 2001 og skattframtal lögaðila 1996 og vísuðu til tiltekinna staða í umfjöllun skattyfirvalda, auk þess að forsiður skattframtala Premma sf. fyrir gjaldárin 1996 og 1997 beri stimpil FIDES HF. Þegar litið er til framlagðra gagna og framburðar stefnda Helga fyrir dómi verður þó hvorki gegn andmælum stefnanda talið sannað að stefnandi máls þessa né Dagbjartur Halldórsson, fyrirsvarsmaður stefnanda, hafi tekið að sér að færa bókhald stefnda Premma sf. fyrir það tímabil sem gagnkrafan byggir á. Er krafa stefndu um sýknu af þessum sökum því ekki tekin til greina.

Í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 segir að ef krafist er dóms um skyldu, sem mætti fullnægja með aðför, og hún reynist hvíla eða geta hvílt á varnaraðila, en sá tími sé ókominn sem hann verður krafinn um efnidir hennar þegar mál er dómtekið, skuli sýkna varnaraðila að svo stöddu. Eins og áður er fram komið liggur til grundvallar kröfu stefnanda reikningur, útgefinn af stefnanda þann 29. september 2003, að fjárhæð kr. 232.900,-, vegna bókhaldsvinnu fyrir stefnda Premma sf. árið 2002. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefndu að þessi vinna hafi verið innt af hendi og engar athugasemdir gerðar við fjölda unninna stunda eða tímagjald. Í bréfi skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra er ástæða þess að skattframtal 2002 var ekki lagt til grundvallar álagningar opinberra gjalda 2002 sögð sú að vegna eldri mála sé ekki unnt að taka afstöðu til þeirra framtala sem á eftir koma. Verður því ekkert talið fram komið í málinu sem létti af stefnda Premma sf. þeirri skyldu að greiða stefnanda fyrir þá vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi. Er því einnig hafnað kröfu stefndu um sýknu að svo stöddu.

Eins og áður greinir byggja mótmæli stefndu við þeim reikningi sem liggur til grundvallar kröfu stefnanda á því að vinnu Dagbjarts Halldórssonar hafi verið áfátt og verður ekki talið að sönnur hafi verið færðar að því. Hefur reikningnum ekki verið mótmælt tölulega og engar athugasemdir gerðar við upphafstíma dráttarvaxta. Er krafa stefnanda því tekin til greina að fullu.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verða stefndu með vísan til umfangs málsins dæmd til að greiða stefnanda kr. 342.375 í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóminn kveður upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð :**

Stefndu, Kristín Sigvaldadóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og Helgi Indriðason, greiði in solidum, persónulega og vegna sameignarfélags þeirra Premma sf., stefnanda, Bókhaldi og ráðgjöf Auditor ehf., skuld að fjárhæð kr. 232.900,-, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá 29. september 2003 til greiðsludags.

Stefndu greiði, in solidum, stefnanda kr. 342.375 í málskostnað.

Ólafur Ólafsson.